

Skólaráðsfundur 28.01.2016

Mætt: Hólmfríður, Svandís, Nanna Olga, Jóna Björg, Bóas, Þorsteinn, Freyja og Jóhanna. Irena mætti ekki og boðaði ekki forföll.

Fundarefni:

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda lesnar upp.

Ekki gerðar athugasemdir við fundargerðir.

2. Heilsueflandi skóli áhersluatriði vetrarins.

Ákveðið í fyrra að taka fyrir hreyfingu og öryggi. Í vetur hefur verið bætt við íþróttatímum hjá yngri, dans er tekin lotubundin hjá öllum og val-líkamsrækt hjá eldri. Fjölgað hefur verið sameiginlegum gönguferðum. Stofnaður verði stýrihópur til að velja verkefni, fá til okkar fræðslu og halda utan um starfið.

Farið yfir gátlistan frá því í fyrra hvað varðar þessi atriði og hann skoðaður með tilliti til þess hvernig staðan er í vetur og hvað af þessu við viljum leggja sérstaka áherslu á.

- Fá lögreglu til okkar til að tala um umferðaröryggi og fara yfir reiðhjól.
- Fá skyndihjálparnámskeið fyrir nemendur og starfsfólk.
- Skrá niður og gera sýnileg þau verkefni og daga sem við tökum þátt í varðandi hreyfingu og öryggi.
- Fá einhvern til að halda utan um og hvetja til hreyfingar meðal nemenda og almennings. Nanna Olga og Bóas vilja taka að sér að húa saman fólk til að stunda saman einhverja hreyfingu 2 – 3 sinnum fram á vor.
- Er nógu fjölbreytt framboð af hreyfingu í íþróttatímum hjá nemendum? Að mati Nönnu og Bóasar er það nokkuð fjölbreytt en mætti þó bæta örlítið við það.
- Það er möguleiki að fá í heimsókn leiðbeinanda til að kynna fyrir nemendum nýjar íþróttagreinar. Nemendur geta komið með tillögur af þessu og það skoðað af skólastjóra.

3. Kosið í framkvæmdaráð heilsueflandi grunnskóla. Ákveðið að leita eftir áhugasömum til að sitja í þessu framkvæmdaráði. Í því myndu sitja fjórir einstaklingar; einn frá skólaráði, einn nemandi, eitt foreldri og einn frá grendarsamfélaginu. Hlutverk framkvæmdaráðs væri að sinna 1 – 2 verkefnum sem það fengi úthlutað frá skólaráði og koma auk þess með tillögur að úrbótum.

4. Önnur mál

Á fundi í mars þarf að fara yfir skóladagatalið og koma með tillögur að breytingu ef þurfa þykir.

Hittast í lok febrúar og fjalla um Heilsueflandi skóla - hreyfingu og öryggi.

Fundi slitið kl. 18:36

Jóna Björg ritaði